



UMSÖGN

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni: Umsögn við tillögu fulltrúa Flokks fólksins um að punktakerfi Reykjavíkurborgar fyrir félagslegt húsnæði verði endurmetið

Þann 1. nóvember 2023 lagði fulltrúi Flokks fólksins fram í velferðarráði svohljóðandi tillögu um að punktakerfi Reykjavíkurborgar fyrir félagslegt húsnæði verði endurmetið:

Flokkur fólksins leggur til að punktakerfi Reykjavíkurborgar um félagslegt húsnæði verði endurmetið með það í huga að gera það sanngjarnara fyrir einstaklinga í viðkvæmri stöðu. Flokki fólksins hefur borist ábendingar um að einstaklingum í mjög viðkvæmri stöðu hafi verið hent út af biðlista eftir félagslegu leiguhúsnæði. Dæmi: Einstaklingur sem eingöngu lifir á lífeyri frá TR og er að greiða næstum helming af lífeyri sínum í leigu fær ekki að vera á biðlista eftir félagslegu leiguhúsnæði.

Umsögn:

Matsviðmið samkvæmt reglum Reykjavíkurborgar um félagslegt leiguhúsnæði eru í sífelldri endurskoðun. Matsviðmiðin með reglum um félagslegt leiguhúsnæði voru endurskoðuð í heild sinni við gerð reglna um félagslegt leiguhúsnæði sem tóku gildi þann 1. júní 2019. Frá því að reglurnar tóku gildi árið 2019 hafa nokkrar breytingar verið samþykktar á matsviðmiðum, þ.e. á fundi velferðarráðs þann 6. október 2021 og á fundi borgarráðs þann 14. október 2021 og á fundi velferðarráðs þann 19. janúar 2022 og á fundi borgarráðs þann 27. janúar 2022. Matsviðmiðin eru í sífelldri endurskoðun enda markmið með þeim að reyna að ná til þeirra umsækjenda sem eru í erfiðri og/eða viðkvæmri stöðu.

Þær breytingar sem gerðar hafa verið á matsviðmiðunum á síðustu árum hafa m.a. tengst breytingu á reglugerð og reglum. Uppfæra þarf matsviðmið þegar tekjuviðmiðum reglnanna er breytt en auk þess voru matsviðmið uppfærð þegar breyting var gerð á reglunum varðandi lágmarkslengd búsetu í kjölfar athugasemda félags- og barnamálaráðherra. Þá voru gerðar breytingar á matsviðmiðum varðandi húsnæði fyrir fatlað fólk þegar nýjar reglur Reykjavíkurborgar um stoð- og stuðningsþjónustu fyrir fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir tóku gildi.

Engum umsækjendum er "hent út af biðlista um félagslegt leiguhúsnæði" á velferðarsviði. Í þeim tilvikum þegar fólk uppfyllir ekki lengur þau skilyrði sem gerð eru til umsóknar um félagslegt leiguhúsnæði er viðkomandi einstaklingi tilkynnt um slíkt, rökstuðningur veittur og gefinn er frestur til andmæla á grundvelli stjórnáslutlaga, nr. 37/1993, áður en ákvörðun er tekin um að færa umsækjanda af biðlista.

Matsviðmiðunum er ætlað að fanga vel þann hóp sem er í viðkvæmri stöðu en önnur skilyrði geta þó komið til sem tengjast hvorki stöðu né fjárhag, svo sem að viðkomandi standi ekki í



skuld við Félagsbústaði. Skilyrði 4. gr. reglna Reykjavíkurborgar um félagslegt leiguhúsnæði eru svohljóðandi:

„Umsækjandi skal uppfylla öll skilyrði 4. gr. til að umsókn verði samþykkt á biðlista.

a. Umsækjandi skal vera orðinn 18 ára á umsóknardegi og eiga lögheimili í Reykjavík þegar sótt er um.

b. Hafi umsækjandi tímabundið dvalarleyfi er skilyrði að gildistími dvalarleyfisins sé að lágmarki 12 mánuðir.

c. Umsækjandi skal ekki vera eigandi að húsnæði.

d. Tekjur og eignir umsækjanda fari ekki yfir eftirfarandi tekju- og eignamörk:

Tekjumörk eru kr. 6.632.000 fyrir einstakling en kr. 9.286.000 fyrir hjón og sambúðarfólk. Þá reiknast kr. 1.658.000 fyrir hvert barn/ungmenni yngra en 20 ára sem er á framfæri viðkomandi. Þá reiknast kr. 829.000 fyrir hvert barn/ungmenni yngra en 20 ára sem er í umgengni hjá umsækjanda. Tekjumörk eru miðuð við meðaltal tekna síðastliðinna þriggja ára.

Eignamörk eru kr. 7.158.000.

Fjárhæðir eru endurskoðaðar af velferðarráði Reykjavíkurborgar árlega.

e. Umsóknir skulu metnar samkvæmt ákveðnum matsviðmiðum, sbr. fylgiskjal nr. 1 með reglum þessum. Við lok mats eru reiknuð stig fyrir hvern þátt fyrir sig. Til þess að umsókn verði samþykkt á biðlista skal umsækjandi vera metinn til að lágmarki eftirfarandi stiga:

1) Einstaklingur/hjón/sambúðarfólk: Aðstæður umsækjenda verða að vera metnar til 10 stiga eða meira.

2) Einstaklingur/hjón/sambúðarfólk með eitt barn: Aðstæður umsækjenda verða að vera metnar til 12 stiga eða meira.

3) Einstaklingur/hjón/sambúðarfólk með tvö börn eða fleiri: Aðstæður umsækjenda verða að vera metnar til 13 stiga eða meira.

Eigi umsækjandi við virkan vímuefnavanda að stríða, sem að mati ráðgjafa hamlar því að viðkomandi geti búið í almennu félagslegu leiguhúsnæði, þá er heimilt að synja umsókn hans um almennt félagslegt leiguhúsnæði. Umsækjanda skal leiðbeint um að sækja um húsnæði fyrir heimilisláusa með miklar og flóknar þjónustuparfir, sbr. IV. kafla reglna þessara. Þá skal jafnframt aðstoða umsækjanda við að leita sér viðeigandi meðferðar.

Umsókn umsækjanda sem er í vanskilum við Félagsbústaði hf. verður því aðeins samþykkt hafi umsækjandi gert full skil á skuldunum eða um þær hafi verið samið. Sama gildir um umsókn um milliflutning. Umsækjanda skal leiðbeint um þau úrræði sem honum standa til boða vegna fjárhagserfiðleika.

Umsækjanda skal tilkynnt skriflega um hvort umsókn hans hafi verið samþykkt á biðlista og hvernig umsókn hans hafi verið metin skv. e-lið 1. mgr. 4. gr. reglna þessara“.

Í þessu samhengi er einnig vert að benda á að samkvæmt 5. gr. reglnanna er heimilt að veita undanþágur frá skilyrðum 4. gr. um tekjuviðmið, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.